


bænda
FERÐIR

AÐVENTUFEGURÐ Í PARÍS



3. – 7. desember 2026
Fararstjóri: Björk Håkansson

Aðventa
Frakkland

Ferðalýsing

Töfrandi aðventuferð til **Parísar**, höfuðborgar Frakklands, sem er með glæsilegri borgum í Evrópu. Ljósadýrð aðventunnar er hrífandi á þessum tíma og mikil jólastemning og iðandi mannlíf um alla borg. Í töfrandi skoðunarferð um borgina sjáum við m.a. **Eiffelturninn** sem var reistur fyrir heimssýninguna árið 1889, eitt fegursta torg í heimi, **Place de la Concorde**, **Louvre safnið** og **Sigurbogann** sem er sá stærsti sinnar tegundar. Hvíta sandsteinskirkjan, **Sacré Coeur**, sem er í Montmartre listamannahverfinu, tekur á móti okkur í allri sinni dýrð. Sacré Coeur gnæfir hátt og þaðan er mjög falletgt útsýni yfir borgina. Við njótum þess að upplifa andrúmsloft listamanna Parísar á torginu **Place du Tertre** þar sem Picasso og Juan Gris máluðu svo gjarnan. París, borg ástarinnar, er undursamleg á aðventunni hún kemur öllum í rétta jólaandann og hrífur fólk með sér.

5 dagar | 4 nætur París



3. desember | Flug til Parísar

Brottför frá Keflavík kl. 7:30. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í París kl. 12:00 að staðartíma. Þaðan verður ekið á hótelið okkar sem er í miðborg Parísar, staðsett við bakka Signu og í um 10 mínútna göngufjarlægð frá Eiffelturninum. Hér verður gíst í fjórar nætur. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.

4. desember | Glæsileg skoðunarferð um París

Í dag skoðum við okkur um í París, höfuðborg Frakklands, en hún er sannkölluð háborg lista og menningar. París er ein af glæsilegustu borgum Evrópu og hér er margt að skoða og sjá. Byrjað verður á að aka um borgina með nokkrum stoppum m.a. við Eiffelturninn, Louvre safnið, Sigurbogann, Champs-Elysées, Óperu húsið og Concorde torgið. Eftir það verður frjáls tími til að skoða sig betur um í borginni. Líklega verður ekki hægt að stoppa með rútna við Notre Dame kirkjuna, svo upplagt er að líta þar inn eftir skoðunarferðina. Einnig er upplagt fyrir þá sem vilja fara inn á Louvre safnið, að panta sér miða fyrir ferð á frjálsa deginum og eins ef áhugi er fyrir öðrum söfnum borgarinnar.



5. desember | Frjáls dagur í París

Nú er upplagt að skoða sig betur um í borginni á eigin vegum, því margt er um að velja í þessari glæsilegu borg. Það er vel þess virði að heimsækja Galeries Lafayette verslunarmiðstöðina, einfaldlega til að upplifa jólaskreytingarnar og ljósadýrðina. Mannlíf borgarinnar er litríkt og skemmtilegt og gaman er að setjast á gott veitingahús í borginni. Þar væri upplagt að smakka á frönsku jólakökunni, la bûche de Noel, en Frökkum finnst hún ómissandi um jólin. Eins er sjálfsagt að líta inn til kaupmanna borgarinnar og á jólamarkaðina sem eru nokkrir í borginni.



6. desember | Sacré Coeur kirkjan & Montmartre



Nú verður ekið að hvítu sandsteinskirkjunni Sacré Coeur sem gnæfir hátt á Montmartre hæðinni og er eitt af kennileitum borgarinnar, byggð í rómönskum og bysantískum stíl en frá henni er víðáttumikið útsýni yfir Parísarborg. Kirkjan geymir eitt stærsta mósaík í heimi. Eftir það verður farið í gönguferð um Montmartre listamannahverfið sem er fyrir aftan kirkjuna í 101 m hæð yfir Signu. Við

njótum þess að upplifa andrúmsloft listamanna Parísar á torginu Place du Tertre þar sem Picasso og Juan Gris máluðu svo gjarnan. Hér er upplagt að fá sér hressingu áður en ekið verður til baka á hótelið.

7. desember | Heimferð frá París

Eftir glæsilega og áhugaverða ferð verður ekið til flugvallar. Brottför þaðan kl. 13:00 og landing í Keflavík kl. 15:40 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

209.900 kr. á mann í tvíbýli | 72.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á 4* hóteli.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Einn sameiginlegur kvöldverður.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í hallir, kirkjur og söfn.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.



Hótel

- ✓ Novotel Tour Eiffel

Frekari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.